

Aðalfundur FAAS haldinn 13. maí 2009.

Fundarstjóri, kæru félagar og aðrir gestir. Með þessum aðalfundi lýkur 24. starfsári FAAS sem telst frá 15.sept. til 15.maí ár hvert. Að vísu heldur stjórn sína föstu fundi. Skrifstofa félagsins starfar allt árið. Símsvörun og sá stuðningur sem félagið býður upp á er að sjálfsögðu til staðar yfir sumarið eins og endranær.

Stjórn FAAS þetta starfsár skipuðu:

María TH. Jónsdóttir, formaður.

Sigurbjörg Guttormsdóttir, varaformaður.

Fanney Proppé Eiríksdóttir, ritari.

Kristín Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Guðbjörg Gestsdóttir, meðstjórnandi.

Til vara : Ingibjörg Magnúsdóttir

Viðar G. Elísson löggiltur endurskoðandi annast endurskoðun reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Jón Snædal og Hrafn Magnússon.

Framkvæmdastjóri FAAS, Friðuhúss og Drafnarhúss var Haukur Helgason til 1. sept. Þá bættist þriðja dagbjálfunin við, Maríuhús.

Starfssemi félagsins var þá skipt þannig að Haukur Helgason var áfram framkvæmdastjóri dagbjálfananna þriggja en ráðinn var nýr framkvæmdastjóri hjá félaginu Erna B. Antonsdóttir. Hún staldraði stutt við í því starfi.

Fyrsta febrúar tók Svava Aradóttir hjúkrunarfræðingur, með sérmenntun í umönnun heilabílaðra við framkvæmdastjórastarfi hjá FAAS. Fyrst í hálfu starfi, en 1.mars eftir að Haukur veiktist snögglega tók hún við fullu starfi sem framkvæmdastjóri og gjaldkeri FAAS og þeirra dagbjálfana sem FAAS rekur.

Búið er að flytja allt skrifstofuhald FAAS að Hátúni 10B, 9.hæð í þjónustusetur líknarfélaga. Ráðinn hefur verið starfsmaður þar, Halldóra Magnúsdóttir.

Með FAAS starfar 6 manna þverfaglegt fagráð:

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir,

Sigurbjörn Björnsson, öldrunarlæknir,

Erla Grétarsdóttir, sálfræðingur

Berglind Indriðadóttir, iðjubjálfi,

Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi,

Inga Margrét Róbertsdóttir, sjúkraþjálfari.

Haldnir voru nítján stjórnarfundir á árinu. Send út sex fréttabréf. Haldnir voru sex opnir fræðslufundir á höfuðborgarsvæðinu, tveir á Akureyri.

Á öllum þessum fundum hafa verið flutt eitt eða fleiri fræðsluerindi. Að þeim loknum hafa aðstandendur haft tækifæri til að rabba saman yfir kaffisopa. Sem sagt fræðast hvert af öðru sem ekki er síður mikilvægt, þessir fundir hafa verið öllum opnir. Einnig höfum við sótt fundi á Selfossi og í Reykjanesbæ, þar er unnið lífandi og gott starf í þágu heilabílaðra.

FAAS er félagi í Öldrunarráði Íslands, AFA, Aðstandendafélagi aldraðra. Á fulltrúa í stjórn og fulltrúaráði Eirar, ÖBÍ, Vínafélagi Ljósheima, Medical Alert á Íslandi og verið í góðri samvinnu með Mentis Cura á Íslandi.

FAAS á aðild að Alzheimersamtökum Norðurlanda, sú vinna fer að mestu fram í gegnum tölvusamskipti. Einu sinni á ári hittast félagarnir á þingi, til skiptis í löndunum sjö. Þann 22.-25.maí var þingið haldið í Osló í tengslum við stórþing Evrópusamtakanna. Fanney Proppé var fulltrúi FAAS á þingi Norðurlandanna. Hún hefur haldið utanum það starf á þessu starfsári.

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, forstöðumaður Fríðuhúss flutti fræðsluerindi um dagþjálfanir á Evrópuþinginu. Og Gísli Hólmar frá Mentis Cura flutti erindi um starfssemi þeirra. Erindi þeirra beggja vöktu mikla athygli, þau fóru bæði sem fulltrúar fyrir FAAS.

Dagþjálfanirnar sem FAAS rekur ganga vel undir styrkri stjórn forstöðumanna sinna.

Lokið er við byggingu Vatnskots á lóðinni við Fríðuhús. Í lok maí á ferð sinni um Háteigssókn blessaði Herra Karl Sigurbjörnsson Biskup húsið og heimilisfólk Fríðuhúss bauð til veislu.

Glitnishlaupið fór fram í lok ágúst að venju. FAAS tók þátt í undirbúningi þess, um 40 manns hlupu fyrir FAAS og 198þús. krónur söfnuðust fyrir FAAS. Við þurfum að vera dugleg við að auglýsa okkur í sambandi við Glitnishlaupið og að fá fólk til að heita á hlauparana.

Bókin „Að endurvekja lífsneistann hjá fólki með heilabilun“ eftir Jane Verity, kom út á árinu, þýðandinn var Ingibjörg Pétursdóttir iðjuþjálfari, en FAAS gaf hana út.

Vel heppnað þriggja daga námskeið var haldið í byrjun október, fyrir starfsfólk á þeim dagþjálfunum sem FAAS rekur og stjórn FAAS. Námskeiðið hélt Svava Aradóttir þáverandi forstjóri Nordic Lights en núverandi framkvæmdastjóri FAAS. Mat- og kaffimeðlæti, alla dagana gaf Matborðið ehf. Þeim eru færðar góðar þakkir fyrir það.

Í byrjun september tók til starfa þriðja dagþjálfunin sem FAAS rekur, að Blesugróf 27 í Reykjavík, Maríuhús. Þar er leyfi fyrir 20 heilabílaða. Reykjavíkurborg keypti húsið, kostaði og sá um breytingar og búnað. Arkitekt að breytingunum var Oddur Finnbjarnarson. Þann 8.nóvember var svo formleg opnun í

Maríuhúsi. Það var glæsilegur og mikill gleðidagur hjá FAAS. Sólborg Sumarliðadóttir, hjúkrunarfræðingur er forstöðumaður Maríuhúss og vann að uppbyggingu dagþjálfunarinnar ásamt stjórn og framkvæmdastjóra af miklum dugnaði, áhuga og smekkvísi og á hún þakkir skilið fyrir það allt saman.

Þann 4.maí var opnuð 10 manna dagþjálfun fyrir heilabilaða á Selfossi, að Vallholti 38, Vinamynni. Það er fyrsta sérhæfða dagþjálfunin sem opnuð er fyrir heilabilaða utan Reykjavíkursvæðisins. Stjórn FAAS og framkvæmdastjóri ásamt Vinafélagi Ljósheima á Selfossi hafa unnið ötullega með Árborg að opnun þessarar dagþjálfunar.

Í mars á næsta ári verður félagið okkar 25 ára. Við þurfum að taka höndum saman og gera eitthvað verulega skemmtilegt í tilefni þess.

Haukur Helgason sem verið hefur framkvæmdastjóri FAAS sl. níu og hálf ár veiktist snögglega í byrjun mars. Hann getur ekki tekið þátt í störfum FAAS meir. Hann hefur átt mikinn þátt í uppbyggingu FAAS á þessu tímabili. Við sendum honum góðar kveðjur og þakkir fyrir það.

Kæru fundargestir. Ýmislegt fleira höfum við reynt að leggja til málanna þó við höfum ekki haft hátt í fjölmiðlum. Oft er betra að vinna á öðrum vettvangi. Mikið starf hefur verið unnið hjá FAAS á þessu ári sem fyrr. Ég hef hér aðeins stiklað á stóru yfir það helsta. Mikið hefur mætt á stjórn, varastjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda, sem öll hafa verið tilbúin að leggja sitt af mörkum. Ég segi sem fyrr, það er dýrmætt að vinna með fólki eins og ykkur.

Félagsmönnum og öðrum velunnurum félagsins þakka ég gott samstarf fyrir málstað heilabilaða.

Góður Guð blessi ykkur öll.

Takk fyrir mig. Ég hef lokið máli mínu.

María Th. Jónsdóttir.